

**Drög að reglugerð
um breytingu á reglugerð nr. 830/2011 um ökuskírteini**

1. gr.

Á 2. gr. reglugerðarinnar eru gerðar eftirfarandi breytingar:

- a. Í 4. tl. 3. mgr. falla niður stafliðir a.-c. og stafliðir d. og e. verða stafliðir a. og b.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. reglugerðarinnar:

- a. 3. mgr. orðast svo:
Samgöngustofa setur reglur um hvernig skuli meta hvort umsækjandi um ökuskírteini fullnægi skilyrðum í III. viðauka um andlegt og líkamlegt heilbrigði.
- b. 3. málslíður 4. mgr. orðast svo:
Læknisvottorð skal ritað á eyðublað sem gert er eftir fyrirmælum Samgöngustofu og má við umsókn ekki vera eldra en þriggja mánaða og við útgáfu ökuskírteinis ekki eldra en 18 mánaða.

3. gr.

6. gr. breytist þannig:

- a. Í 2. mgr.:
- i. á eftir „Flokkun ökutækja“ fellur niður „(Le-flokkar)“
 - ii. í stað „tilskipun nr. 2002/24/EB“ kemur „reglugerð 168/2013/EB“
 - iii. í stað „tilskipun nr. 70/156/EBE“ kemur „tilskipun 2007/46/EB“.
- b. 1. tl. 5. mgr. orðast svo:
- a. réttindi til að stjórna léttu bifhjóli sem er ekki hannað til hraðari aksturs en 45 km á klst.:
- i. á tveimur hjólum
 - ii. þremur hjólum.
- Létt bifhjól greinist í
- i. létt bifhjól í flokki I sem er ekki hannað til hraðari aksturs en 25 km á klst.
 - ii. létt bifhjól í flokki II sem er hannað til hraðari aksturs en 25 km á klst.
- Eigi þarf ökuskírteini til að stjórna léttu bifhjóli í flokki I.
Ökuskírteini fyrir AM-flokk má veita þeim sem er orðinn 15 ára.
- c. Í 2., 3. og 5. tl. 5. mgr. eru felldar niður tilvísanir í L-flokka.
- d. Við 14. tl. 5. mgr. bætist við nýr stafliður b á eftir staflið a sem orðast svo:
b. réttindi til að stjórna bifreið í B-flokki til farþegaflutninga í atvinnuskyni.
- e. 16. tl. 5. mgr. orðast svo:
réttindi til að stjórna bifreið sem gerð er fyrir fleiri en 8 farþega auk ökumanns sem tengja má við eftirvagn/tengitæki sem er 750 kg eða minna að leyfðri heildarþyngd. Umsækjandi um ökuskírteini fyrir D-flokk skal hafa fullnaðarskírteini fyrir B-flokk. Ökuskírteini fyrir D-flokk má veita þeim sem er orðinn 23 ára.

f. Á eftir 16. tl. 5. mgr. bætist við nýr 17. töluliður með fyrirsögninni „Farþegaflutningar í atvinnuskyni fyrir D-flokk:“ sem orðast svo (aðrir töluliðir færast neðar sem því nemur):

a. réttindi til að stjórna bifreið í D-flokki til slíkra flutninga, bundið því skilyrði að viðkomandi hafi ökuskírteini fyrir D-flokk og fullnægi skilyrðum um viðbótarnám og próf skv. námskrá.

b. réttindi til að stjórna bifreið í B-flokki til farþegaflutninga í atvinnuskyni. Ökuskírteini fyrir D-flokk má veita þeim sem er orðinn 23 ára.

4. gr.

8. gr. breytist þannig:

- a. 1. málslíður 4. mgr. A-liðar orðast svo:
Ökutæki sem notað er við verklegt próf má vera beinskipt eða sjálfskipt.
- b. 2. málslíður 4. mgr. fellur brott.

5. gr.

14. gr. breytist þannig:

2. mgr. orðast svo:

Endurmenntun skal vera lokið á síðustu fimm árum fyrir endurnýjun. Fjöldi kennslustunda skal vera samtals 35 stundir í 7 klukkustunda lotum með hæfilegum hléum á milli kennslustunda. Hverri lotu er heimilt að skipta niður á tvo samliggjandi daga innan 24 klukkustunda.

6. gr.

Í I. viðauka, III. kafla, 3. tölulið, er tákntala 425 felld niður.

7. gr.

Á IV. viðauka reglugerðarinnar er gerð eftirfarandi breyting:

1. málslíður 3. mgr. 1. töluliðar orðast svo:

Þegar ökutæki, sem notað er við kennslu eða próf er búið sérstökum hjálparbúnaði skal ökunemi geta útskýrt virkni búnaðarins.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 50. og 52. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, xx. ágúst 2017.

Jón Gunnarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir

Greinargerð

Um 1. gr.

Til samræmis við ákvæði d. liðar 2. mgr. 48 gr. umferðarlaga og tilskipunar 2006/126/EB um ökuskírteini.

Um 2. gr.

Breyting er lögð til að höfðu samráði við landlækni.

Um 3. gr.

a. – c. liðir; tilvísanir eru leiðréttar og létt bifhjól staðfært til samræmis við umferðarlög.

d. – g. liðir; gerð sú breyting að sá sem er með réttindi til farþegaflutninga í atvinnuskyni á hóp bifreið (D1- / D-flokkur) fær enn fremur réttindi til farþegaflutninga í atvinnuskyni á fólks bifreið (B-flokkur) án þess að þurfa að gangast undir sérstakt próf á fólks bifreið. Réttthafi farþegaflutninga í atvinnuskyni í D1- og D-flokki er alltaf með gild ökuréttindi í B-flokki og því þykir rétt að réttindin gildi líka fyrir þann flokk. Með þessari breytingu má sá sem er með réttindi til að stjórna bifreið í D1- eða D-flokki í atvinnuskyni frá öðru ríki innan EES enn fremur stjórna hér á landi bifreið í B-flokki í atvinnuskyni, en þau réttindi hafa ekki verið samræmd innan EES. Um ívilnandi breytingu er að ræða en ekki takmarkandi.

Um 4. gr.

Fram til þessa hefur eingöngu verið heimilt að taka próf á sjálfskipta bifreið í B-flokki af heilbrigðisástæðum, þ.e. þegar umsækjandi hefur ekki verið í stakk búinn til að stjórna beinskiptri bifreið að mati læknis. Í þeim tilvikum hefur verið prófað á sjálfskipta bifreið og skírteini gefið út með takmörkun við sjálfskiptingu. Þróun í tækni ökutækja hefur leitt til þess að stöðugt fleiri eru ekki með beinskiptingu, t.d. bifreiðar sem knúnar eru áfram af rafmagni. M.a. í Danmörku og Noregi hefur reglum verið breytt á þann veg að ökunemi hefur val um það hvort hann vilji taka próf á beinskipta eða sjálfskipta bifreið. Velji hann sjálfskiptingu takmarkast ökuréttindin við það. Þessi framkvæmd er í fullu samræmi við ákvæði tilskipunar 2006/126/EB um ökuskírteini. Lagt er til að valfrjálst verði hvort próf sé tekið á sjálfskipta eða beinskipta bifreið og verði sjálfskipt bifreið fyrir valinu takmarkast ökuréttindin þannig.

Um 5. gr.

Breytingin felur í sér að lengd hvers námskeiðs skal vera sjö klukkustundir með hæfilegum hléum. Þetta kemur í stað þess að segja að það eigi að vera sjö 45 mínútna kennslustundir með hléum. Breytingin er í fullu samræmi við tilskipun 2003/59/EB.

Um 6. gr.

Breytingin sem lagt er til með d- og f-lið 3. gr. gerir tákntölu 425 óþarfa. Þeir sem hafa þessa tákntölu fyrir í skírteini fá við endurnýjun tákntöluna 450.

Um 7. gr.

Hjálparbúnaður í ökutækjum verður stöðugt meiri og fjölbreyttari. Óraunhæft og óeðlilegt þykir orðið að gera kröfu um að slíkan búnað skuli vera hægt að gera óvirkan. Miklu frekar er að gera kröfu um að próftaki þekki þann búnað sem er í því ökutæki sem hann lærir og tekur próf á.